

Skólaráðsfundur 29. okt 2013 kl. 15.

Fundur settur kl. 15:00 í stofu 306.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri
Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri,
Helga Guðjónsdóttir fulltrúa starfsmanna, Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara, Erla
Edvarðsdóttir varamaður kennara.
Hreiðar Örn Zöega Stefánsson fulltrúi foreldra, Pétur Magnússon fulltrúi
grendarsamfélagsins, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra
Andri Freyr Jónasson fulltrúi nemanda og Aníta Rut Ólafsdóttir formaður nemendaráðs.

Forföll boðuðu:

Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara og mætti Erla varamaður hennar í staðin.

Dagskrá fundarins:

Fulltrúar nemenda kynntir

Andri Freyr Jónasson fulltrúi nemanda og Aníta Rut Ólafsdóttir formaður nemendaráðs
kynntu það sem helst hefur verið gert í félagsstarfinu.

Búið er að vera eitt ball og verið er að skipuleggja í kósýkvöld í des. Sameignlegt Halloween ball með
Varmárskóla verður haldið niður frá á fim. Bólið var að senda út viðburðardagatal sem einnig er á
heimasíðu skólans og svo er stefnan að halda áfram með „flotta föstudaga“. Margir nemendur á elsta
stigi og 7.bekk óánægðir með að komast ekki í Bólið en húsnæðið hefur verið lánað skólanum til
4.nóv. Þegar færnanlegar kennslustofur fyrir tvo þriðju bekki koma á svæðið.

Starfsáætlun skólaársins 2013-2014

Jóhanna kynnti og bar undir fundarmenn starfsáætlun vetrarins. Fimm fundir verða á skólaárinu
5. des., 13. feb., 3.apríl og 22. maí sem verða haldnir í stofu 306. Breyttur fundartími var lagður til
eða kl. 15:30 á fimmtudögum og var það samþykkt. Gengið var frá því að varamaður foreldra og
grendarsamfélagsins verði sá aðili sem gegni stöðu formanns foreldrafélagsins hverju sinni.

Breytingar á húsnæði

Stofa 202 orðin tölvustofa, önnur leikskólastofan er orðin að heimilisfræðistofu fyrir yngsta stigið sem
frístund og næringarfræðival á elsta stigi nota einnig. Búið er að loka rýmum fram á gang og á milli
stofa á neðri hæð þar sem 1. bekkur er og það sama verður gert við efri hæðina hjá 2.bekk síðar á
skólaárinu (jólafri). Tvö hús eru komin til viðbótar á lóðina og verða þær kennsluhæfar um
mánaðarmótin en 3.bekkur hefur haft Bólið að láni á meðan. Alls er 12 hús á lóðinni núna.

Endurskiplagning skólalóðar.

Jóhanna sýndi mynd af skólalóðinni og kynnti nýtt skipulag á henni með tilheyrandi gömlum og nýjum leiktækjum. Allir voru mjög ánægðir með tillöguna og þá nýtingu sem næst á skólalóðinni en lóðin verður stækkuð í áttina að Hjallahlíð þar sem áður var lítill róluvöllur.

Hreiðar sagði frá fundi skólastjóra, skólaskrifstofu og nokkurra foreldra sem hefðu miklar áhyggjur af lóðinni. Hreiðar sagði að hann vildi taka trén í burtu sem eru næst snúningstækjunum og bar þessa tillögu upp en þar mæltu 7 með tillögunni, einn var hlutlaus og einn á móti.

Allir voru sammála um að hugsa þyrfti betur um gróðurinn sem er á skólalóðinni en í ljós kom að ekkert var gert fyrir gróðurinn þar í sumar.

Fundarmönnum þykir mikilvægt að koma myndinni af svæðinu sem fyrst inn á heimasíðuna. (Það var gert 4/11.)

http://www.lagafellsskoli.is/files/Lagafellsskóli%20endurbætt%20leiksvæði_469784269.pdf

Framkvæmdir munu kosta um 20 millj.

Annað:

Hreiðar tók upp 3 mál sem hann hafði fengið sent frá formanni foreldrafélagsins

1. Þrengsli í heilsuefandi skóla:
Ekki var rætt mikið um þetta mál þar sem vitað er að í dag fundar fræðslunefnd og kynni m.a. skýrslu um framtíð skólauppbyggingar í Mosfellsbæ. Bíða á eftir skýrslunni og kynna sér hana áður en málið er rætt frekar.
2. Óviðunandi húsnæði í 1.bekk:
Sjá undir liðnum, breytingar á húsnæði, hvað búið er að gera í þessum málum.
- 3 . Lóðarmálin
Sjá undir liðnum, endurskiplagning skólalóðar, hvað búið er að gera og hvað er framundan í þessum málum.

Hreiðar sagði frá því að UMFA, kirkjan og skátarnir hefðu sent sameiginlegt bréf til fræðslunefndar um það hversu erfitt sé að nálgast þátttakendur í skólunum, þegar þeir mega ekki kynna sitt starf á skólatíma inn í bekkjarstofu hvers og eins.

Jóhanna sagði frá því að yfir 90% nemanda séu komnir í áskrift í mötuneyti. Spurt var hvernig farið væri með þá sem óski eftir sérþæði? Komið er á mótis við óskir þeirra sem eru með ofnæmi og óþol, enda skili nemendur inn vottorði um það, en ekki er komið á mótis við lífsstílsmataróskir.

Hreiðar ítrekaði að senda allar fundargerðir á fræðslunefnd.

Rætt var stuttlega um grein sem birtist í DV þar sem óánægt foreldri kvartaði undan því að börn sem ekki fóru í fermingarferðarlag hefðu ekki fengið kennslu skv. stundarskrá þessa daga.

Elísabet talaði um það að ekki mætti gleyma því að kennsla væri ekki bara bókleg heldur væri það líka annars konar kennsla sem fælist t.d. í því að aðstoða yngri nemendur þar sem m.a. reyndi mikið á samskipti. Foreldrar hafa einnig haft samband til að ítreka það að ferðin verði áfram inni á skólatíma.

Fundarritari
Ásta Steina